

Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (VigH, GÞP, ÁsmD, WÞP, HarB, ValG).

1. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 2.11 Að heimila ÁTVR að selja hlut ríkisins í Strandvegi 50, Vestmannaeyjum.
 - 2.12 Að heimila Jarðasjóði að selja gamalt presthús í Sauðlauksdal í Vesturbyggð á leigulóð.
 - 2.13 Að heimila Jarðasjóði að selja íbúðarhús (rústir) í Austmannsdal í Vesturbyggð á leigulóð.
 - 2.14 Að selja eða ganga til samninga við hlutaðeigandi sveitarfélög um ráðstöfun á fyrrum flugstöðvum í Stykkishólmi, Patreksfirði, Hólmavík, Siglufirði og Norðfirði.
 - 2.15 Að selja húsnæði dómstóla og lögreglu- og sýslumannsembætta og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði í tengslum við endurskipulagningu starfseminnar.
 - 2.16 Að selja óhentugar eða óhagkvæmar húseignir utanríkisþjónustunnar erlendis og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja hentugra húsnæði.
2. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 3.7 Að selja hluta ríkissjóðs í skrifstofuhúsi fyrrum sementsverksmiðju að Mánabraut, Akranesi.
 - 3.8 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
 - 3.9 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og þykja ekki henta til þess og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
 - 3.10 Að selja eignarhlut ríkisins í íbúðarhúsnæði heilbrigðisstofnana og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á öðru hentugra húsnæði ef þurfa þykir í tengslum við endurskipulagningu starfseminnar.
3. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 4.15 Að heimila Jarðasjóði að selja jörðina Iðunnarstaði í Borgarbyggð.
 - 4.16 Að heimila Jarðasjóði að selja jörðina Litla-Kamb í Snæfellsbæ.
 - 4.17 Að heimila Jarðasjóði að selja jörðina Þverárdal í Húnavatnshreppi.
 - 4.18 Að heimila Jarðasjóði að selja lóðina Brekkur 2 í Mýrdalshreppi.
 - 4.19 Að heimila Jarðasjóði að selja jörðina Þúfu í Ölfusi fyrrverandi eigendum samkvæmt ákvæði í afsalsbréfi.
 - 4.20 Að ganga til samninga við Minjavernd um afhendingu fasteigna og landspildu í Ólafsdal gegn skuldbindingu um uppbyggingu og verndun eignanna til framtíðar í samráði við Ólafsdalsfélagið.

- 4.21 Að selja jörðina Þormóðsdal í Mosfellssveit og jarðir í landi Keldna í Reykjavík sem eru í umsjón Landbúnaðarháskóla Íslands og ráðstafa söluandvirði að hluta til skólans.
- 4.22 Að selja hluta af lóð Vegagerðinnar að Borgarbraut 66 í Borgarnesi ásamt salthúsbyggingu sem er á lóðinni. Jafnframt að kaupa eða leigja lóð að Borgarbraut 66 af Borgarbyggð.
- 4.23 Að selja jörðina Kvígsstaði í Borgarbyggð.
4. Við 6. gr. Nýr liður:
 - 5.5 Að auka hlut ríkissjóðs í Öryggisfjárskiptum ehf. um allt að 195 m.kr.
5. Við 6. gr. Liður 7.4 falli brott.
6. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 7.7. Að ganga til samninga um uppgjör á lífeyrisskuldbindingum sem myndast hafa í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga vegna starfsemi sjálfseignarstofnana og félagasamtaka sem kostuð eru af ríkissjóði.
 - 7.8 Að leggja Seðlabanka Íslands til allt að 52.000 m.kr. í eigið fé, verði eftir því kallað á grundvelli sérstakrar heimildar í lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, verði hún lögfest, sbr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, 390. mál.
 - 7.9 Að ganga til samninga við sjálfseignarstofnunina Sunnuhlíð um uppgjör eigna og skulda vegna yfirtöku ríkisins á hjúkrunarheimili samtakanna.